


AKUREYRARBÆR

STARFSÞRÓUNARSAMTÖL OG SÍ- OG ENDURMENNTUN 2010-2019

Hjördís Sigursteinsdóttir

Desember 2020



EFNISYFIRLIT

MYNDASKRÁ.....	3
INNGANGUR	4
STARFSÞRÓUNARSAMTÖL	5
TÍMA VARIÐ Í SÍ- OG ENDURMENNTUN	6
ÁVINNINGUR AF SÍ- OG ENDURMENNTUN	7
SAMANTEKT	8

MYNDASKRÁ

Mynd 1. Hefur þú farið í formlegt starfsþróunarsamtal á undanförunum tveimur árum?	5
Mynd 2. Hversu miklum tíma hefur þú varið í sí- og endurmenntun á síðastliðnum 2 árum?.....	6
Mynd 3. Sú sí- og endurmenntun sem ég hef fengið á síðastliðnum 2 árum hefur nýst mér vel til að auka hæfni mína í starfi.	7

INNANGUR

Í þessari skýrslu eru starfsþróunarsamtöl og sí- og endurmenntun skoðuð fyrir árin 2010, 2011, 2013, 2015 og 2019. Breytingar milli ára eru metnar og niðurstöður bornar saman við heildarniðurstöðu 19 annarra sveitarfélaga árin 2010, 2011 og 2013, 16 annarra sveitarfélaga 2015 og 12 annarra sveitarfélaga árið 2019.

Skýrslunni er skipt upp í fimm hluta; (1) Inngangur, (2) Starfsþróunarsamtöl, (3) Tíma varið í sí- og endurmenntun, (4) Ávinningur af sí- og endurmenntun, (5) Samantekt.


Starfsmannasamtöl voru mæld með spurningunni; „Hefur þú farið í formlegt starfsþróunarsamtal á undanförunum tveimur árum?“. Svarmöguleikar voru: Já tvisvar sinnum, já einu sinni og nei.

Tími varið í símenntun var mældur með spurningunni; „Hversu miklum tíma hefur þú varið í sí- og endurmenntun á síðastliðnum tveimur árum?“. Útskýrt var að með sí- og endurmenntun var átt við námskeið, umbótastarf, vettvangsferðir, rannsóknir, handleiðslu, starfsþjálfun, leshring, erindi/kennslu, fræðslufundi eða formlegt nám. Svarmöguleikar voru: Ég hef sótt sí- og endurmenntun í meira en 20 klst. á síðastliðnum 2 árum, ég hef sótt sí- og endurmenntun í 5-19 klst. á síðastliðnum 2 árum, ég hef sótt sí- og endurmenntun í 1-4 klst. á síðastliðnum 2 árum, ég hef ekki varið tíma í sí- og endurmenntun á síðastliðnum 2 árum.

Þeir sem merktu við að þeir hefðu varið einhverjum tíma í sí- og endurmenntun á síðastliðnum tveimur árum voru beðnir um að taka afstöðu til staðhæfingarinnar; „Sú símenntun sem ég hef fengið á síðastliðnum 2 árum hefur nýst mér vel til að auka hæfni mína í starfi“. Svarmöguleikar voru: Mjög ósammála, nokkuð ósammála, hvorki ósammála né sammála, nokkuð sammála, mjög sammála, veit ekki.

STARFSÞRÓUNARSAMTÖL

Í þessum hluta er niðurstaða fyrir spurninguna: „Hefur þú farið í formlegt starfsþróunarsamtal á undanförunum tveimur árum?“. Svarmöguleikar voru: Já tvisvar sinnum, já einu sinni og nei.




Mynd 1. Hefur þú farið í formlegt starfsþróunarsamtal á undanförunum tveimur árum?

Hlutfall þeirra sem hafði farið tvisvar sinnum eða oft í formlegt starfsþróunarsamtal á undanförunum tveimur árum lá á bilinu 28-34%. Niðurstöðurnar sýna einnig að um 29-33% hafði aldrei farið í formlegt starfsþróunarsamtal á undanförunum tveimur árum.

Horft til allra sveitarfélaga í rannsókninni má sjá að hlutfalla þeirra sem hafði farið tvisvar sinnum eða oft í formlegt starfsþróunarsamtal á undanförunum tveimur árum lá á bilinu 36-47%. Niðurstöðurnar sýna einnig að um 22-28% hafði aldrei farið í formlegt starfsþróunarsamtal á undanförunum tveimur árum.

TÍMA VARIÐ Í SÍ- OG ENDURMENNTUN

Í þessum hluta er niðurstaða fyrir spurninguna: „Hversu miklum tíma hefur þú varið í sí- og endurmenntun á síðastliðnum 2 árum?“. Útskýrt var að með sí- og endurmenntun var átt við námskeið, umbótastarf, vettvangsferðir, rannsóknir, handleiðslu, starfsþjálfun, leshring, erindi/kennslu, fræðslufundi eða formlegt nám. Svarmöguleikar voru: Ég hef sótt sí- og endurmenntun í meira en 20 klst. á síðastliðnum 2 árum, ég hef sótt sí- og endurmenntun í 5-19 klst. á síðastliðnum 2 árum, ég hef sótt sí- og endurmenntun í 1-4 klst. á síðastliðnum 2 árum, ég hef ekki varið tíma í sí- og endurmenntun á síðastliðnum 2 árum.




Mynd 2. Hversu miklum tíma hefur þú varið í sí- og endurmenntun á síðastliðnum 2 árum?

Niðurstöðurnar sýna að um 47-57% starfsfólksins hafði varið 20 klst. eða meira í sí- og endurmenntun á síðastliðnum tveimur árum og 24-26% 5-19 klst. Einnig má sjá að 12-21% hafði ekki varið neinum tíma í sí- og endurmenntun á síðastliðnum 2 árum.

Horft til allra sveitarfélaga í rannsókninni sýnar niðurstöðurnar að um 43-60% starfsfólksins hafði varið 20 klst. eða meira í sí- og endurmenntun á síðastliðnum tveimur árum og 19-24% 5-19 klst. Einnig má sjá að 12-31% hafði ekki varið neinum tíma í sí- og endurmenntun á síðastliðnum 2 árum.

ÁVINNINGUR AF SÍ- OG ENDURMENNTUN

Í þessum hluta er fjallað um ávinning af sí- og endurmenntun. Þeir sem merktu við að þeir hefðu varið einhverjum tíma í sí- og endurmenntun á síðastliðnum tveimur árum voru beðnir um að taka afstöðu til staðhæfingarinnar; „Sú símenntun sem ég hef fengið á síðastliðnum 2 árum hefur nýst mér vel til að auka hæfni mína í starfi“. Svarmöguleikar voru: Mjög ósammála, nokkuð ósammála, hvorki ósammála né sammála, nokkuð sammála, mjög sammála, veit ekki.



Mynd 3. Sú sí- og endurmenntun sem ég hef fengið á síðastliðnum 2 árum hefur nýst mér vel til að auka hæfni mína í starfi.

Niðurstöðurnar sýna að um 9-40% er mjög samála því að sú símenntun sem það hafði fengið á síðastliðnum 2 árum hafi nýst því vel til að auka hæfni sína í starfi og 26-31% nokkuð sammála. Einnig má sjá að 7-11% var mjög ósammála því að sú símenntun sem það hafði fengið á síðastliðnum 2 árum hafi nýst því vel til að auka hæfni sína í starfi og 0-1% tók ekki afstöðu til staðhæfingarinnar.

Horft til allra sveitarfélaga í rannsókninni má sjá að um 33-46% er mjög samála því að sú símenntun sem það hafði fengið á síðastliðnum 2 árum hafi nýst því vel til að auka hæfni sína í starfi og 26-27% nokkuð sammála. Einnig má sjá að 9-13% var mjög ósammála því að sú símenntun sem það hafði fengið á síðastliðnum 2 árum hafi nýst því vel til að auka hæfni sína í starfi og um 1% tók ekki afstöðu til staðhæfingarinnar.

SAMANTEKT

Í þessari skýrslu eru starfsþróunarsamtöl og sí- og endurmenntun skoðuð fyrir árin 2010, 2011, 2013, 2015 og 2019. Breytingar milli ára eru metnar og niðurstöður bornar saman við heildarniðurstöðu 19 annarra sveitarfélaga árin 2010, 2011 og 2013, 16 annarra sveitarfélaga 2015 og 12 annarra sveitarfélaga árið 2019. Fjallað er um starfsþróunarsamtöl, tíma varið í sí- og endurmenntun og ávinning af sí- og endurmenntun.

Hlutfall þeirra sem hafði farið tvisvar sinnum eða oftár í formlegt starfsþróunarsamtal á undanförunum tveimur árum lá á bilinu 28-34%. Niðurstöðurnar sýna einnig að um 29-33% hafði aldrei farið í formlegt starfsþróunarsamtal á undanförunum tveimur árum. Horft til allra sveitarfélaga í rannsókninni má sjá að hlutfalla þeirra sem hafði farið tvisvar sinnum eða oftár í formlegt starfsþróunarsamtal á undanförunum tveimur árum lá á bilinu 36-47%. Niðurstöðurnar sýna einnig að um 22-28% hafði aldrei farið í formlegt starfsþróunarsamtal á undanförunum tveimur árum.

Niðurstöðurnar sýna að um 47-57% starfsfólksins hafði varið 20 klst. eða meira í sí- og endurmenntun á síðastliðnum tveimur árum og 24-26% 5-19 klst. Einnig má sjá að 12-21% hafði ekki varið neinum tíma í sí- og endurmenntun á síðastliðnum 2 árum. Horft til allra sveitarfélaga í rannsókninni sýnar niðurstöðurnar að um 43-60% starfsfólksins hafði varið 20 klst. eða meira í sí- og endurmenntun á síðastliðnum tveimur árum og 19-24% 5-19 klst. Einnig má sjá að 12-31% hafði ekki varið neinum tíma í sí- og endurmenntun á síðastliðnum 2 árum.

Niðurstöðurnar sýna að um 9-40% er mjög samála því að sú símenntun sem það hafði fengið á síðastliðnum 2 árum hafi nýst því vel til að auka hæfni sína í starfi og 26-31% nokkuð sammála. Einnig má sjá að 7-11% var mjög ósammála því að sú símenntun sem það hafði fengið á síðastliðnum 2 árum hafi nýst því vel til að auka hæfni sína í starfi og 0-1% tók ekki afstöðu til staðhæfingarinnar. Horft til allra sveitarfélaga í rannsókninni má sjá að um 33-46% er mjög samála því að sú símenntun sem það hafði fengið á síðastliðnum 2 árum hafi nýst því vel til að auka hæfni sína í starfi og 26-27% nokkuð sammála. Einnig má sjá að 9-13% var mjög ósammála því að sú símenntun sem það hafði fengið á síðastliðnum 2 árum hafi nýst því vel til að auka hæfni sína í starfi og um 1% tók ekki afstöðu til staðhæfingarinnar.